

Ed.

396. Neðdarálit

um tillögu til þingsályktunar um dýrtiðaruppbót handa barna- og lýðskólanum í Bergsstaðastræti í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Undirrituð mentamálanefnd, sem háttv. efri deild fjekk tillögu þessa til meðferðar, hefir athugað hana og þær ástæður, sem að henni lúta.

Nefndarmenn hafa þó ekki getað orðið sammála. Líta tveir þeirra svo á, að kennarar við þennan skóla geti ekki talist til þeirra kennara við »fasta skóla«, sem löggin heimila dýrtíðaruppbót, og geti verið varhugavert fordæmi að samþykkja tillöguna, og eru þeir því þess vegna mótfallnir, að það verði gert.

En meðundirritaður fundaskrifari vill leggja til, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi, að tillagan verði samþykkt, þar sem skóli þessi og kennararnir við hann hafa getið sjer gott orð og hann hefir hlotið þá allsherjarviðurkenningu, sem fyrir er mælt í lögum nr. 37, 30. júlí 1909, svo að hann mun mega telja, ef ekki að formi til, þá þó í raun og veru, til þess, sem löggin kalla »fasta skóla«, og kennararnir eiga sanngirnis- et ekki rjettarkröfu til þeirrar uppbótar, sem hjer er farið fram á, og yrðu ella harðara úti en aðrir kennarar, sem uppbótar hafa notið, enda hefir það orðið niðurstaða hv. neðri deildar að verða við þessum tilmælum þeirra.

Alþingi, 24. júní 1918.

Eggert Pálsson,
formaður.

Kristinn Danielsson,
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson.